



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMVINNA SKOTLANDS OG ÍSLANDS NÝ TÆKIFÆRI Á NORÐURSLÓÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær, mánudaginn 16. janúar, fund með forsætisráðherra Skotlands, Alex Salmond, en þeir taka báðir þátt í Heimspingi hreinnar orku sem nú er haldið í Abu Dhabi.

Á fundinum kom fram ríkur vilji til að efla samvinnu Skotlands og Íslands, bæði með tilliti til vaxandi sjálfstjórnar Skotlands og aukins mikilvægis Norðurslóða. Nágrenni Íslands og Skotlands í Norður-Atlantshafi skapar fjölmörg tækifæri til arðbærrar samvinnu á komandi árum, t.d. í orkumálum með sæstrengjum frá Íslandi og Grænlandi til Skotlands og í þjónustu við siglingar um Norðurleiðina sem breyta mun flutningum milli Asíu, Ameríku og Evrópu.

Stjórnvöld í Skotlandi hafa einnig áhuga á því að kynnast reynslu Íslendinga frá heimastjórn til lýðveldis, hvernig þróun efnahagslífs og þjóðfélags á undanförunum áratugum styrkti stöðu landsins á alþjóðavísu. Sameiginleg arfleifð frá tímum landnáms og þjóðveldis, bókmenntir og sagnir, veita samstarfi landanna líka sterkar rætur og heillandi tækifæri á sviði menningar og fræða.

Einnig var á fundinum fjallað um viðbrögð bresku ríkisstjórnarinnar í kjölfar bankahrunsins á Íslandi en forsætisráðherra Skotlands hefur gagnrýnt þau harðlega. Loks var rætt um mikilvægi sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda.

Mynd frá fundi forseta Íslands og forsætisráðherra Skotlands má nálgast á vefsíðu forsetaembættisins, forseti.is.

17. janúar 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).